

**AUKIN FRAMLEIÐSLA Á BLEIKJU OG LAXASEIÐUM
HJÁ FISKELDINU HAUKAMÝRARGILI EHF.,
NORÐURÞINGI**

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að aukin framleiðsla á bleikju og laxaseiðum hjá Fiskeldinu Haukamýrargili ehf., Norðurþingi, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun að frárennsli frá eldisstöðinni til sjávar verði að uppfylla kröfur reglugerðar um fráveitur og skólþ (nr. 798/1999) og að síun verði notuð til að hreinsa frárennslið áður en það fer frá eldisstöðinni.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Norðurþings skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest Aðalskipulag Norðurþings 2009-2029 og deiliskipulag fyrir athafnasvæði fiskeldisins. Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar starfsleyfi frá Umhverfisstofnun sbr. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og rekstrarleyfi Fiskistofu skv. 7. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Fiskeldið Haukamýrargili ehf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 26. júní 2010.

21. maí 2010

INNGANGUR

Þann 20. apríl 2010 voru tilkynnt til Skipulagsstofnunar af Fiskeldinu Haukamýrargili ehf., Norðurþingi, áform um að auka framleiðslu á bleikju og laxaseiðum úr tæpum 200 tonnum í 450 tonn, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 1 g í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Norðurþings, Fornleifaverndar ríkisins, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Norðurþingi með bréfi dags. 21. maí 2010, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 4. maí 2010, Fiskistofu með bréfi dags. 28. apríl 2010, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 5. maí 2010, Matvælastofnun með bréfi dags. 4. maí 2010 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 11. maí 2010.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Um er að ræða aukið eldi Fiskeldisins Haukamýrargili ehf. á bleikju og laxaseiðum. Fram kemur að félagið hafi leyfi til framleiðslu á allt að 200 tonnum af bleikju og öðrum laxfiskum en ætlunin sé að sækja um leyfi til eldis á allt að 450 tonnum, sem byggt verði upp í áföngum. Megnið af framleiðslunni verði bleikja en laxaseiði (gönguseiði) verða allt að 300.000 á ári. Fram að þessu hafi klakfiskur í eigu félagsins verið notaður við bleikjueldið og einnig kynbættir eldisstofnar bleikju frá Hólaskóla og Stofnfiski og til framleiðslu á laxaseiðum hafi verið notuð hrogn frá Stofnfiski (ISNO og Saga stofnar upprunnir frá Noregi). Sama fyrirkomulag verði á eldinu eftir stækkun á eldisstöðinni.

Fram kemur að eldið sé nú í tveimur sambyggðum eldishúsum (89 eldiskör, 380 m³), 7 útikörum (1.370 m³) og lengdarstraumskari (svokallaður Dammur) og vatn til eldisins sé loftað í fjórum húsum. Vegna fyrirhugaðrar stækkunar verði byggð tvö eldiskör og byggt nýtt lengdarstraumskar. Aðrar framkvæmdir í tengslum við stækkunina verði fólgnar í endurbótum á fyrirliggjandi aðstöðu og niðurrífi á eldri búnaði (Dammur, eitt útikar og tvö loftunarahús). Vatni til núverandi fiskeldis sé veitt frá stíflu í Haukamýrargili og úr tveimur lindum ofan við hús eldisstöðvarinnar, en við stækkunina verði jafnframt veitt vatni úr nýrri stíflu. Fram kemur að frárennsli frá eldisstöðinni við Haukamýrargil muni áfram renna u.þ.b. 50 m leið um læk í gilinu niður í fjöru og til sjávar.

Fram kemur að á hverju ári geti fallið til um 40 tonn af fersku slógi og um 165 tonn af hausum og dálkum vegna flökunar sláturfisks. Allur úrgangur úr vinnslunni og fiskur sem drepist í eldinu verði notaður til fódurgerðar á vegum loðdýraframleiðenda á Austfjörðum.

Áhrif á lífríki í fjöru og sjó. Fram kemur að miðað við 400 tonna framleiðslu muni um 100 tonn af saur koma frá eldisstöðinni og fódurleifar verði um 14 tonn (þurrefni). Köfnunarefni í frárennsli verði um 15 tonn og fosfór rúm 3 tonn. Miðað við 400 l/s frárennsli frá stöðinni verði fódur og saur um 10 mg/l sem sé hátt miðað við sambærilegar stöðvar erlendis, en styrkur köfnunarefnis og fosfórs verði svipaður og í öðrum mælingum og útreikningum (um 1,2 mg/l og 0,27 mg/l). Formalín sé notað til þess að baða seiði til varnar sníkjudýrum og við reksturinn séu notaðar sápur og sóttthreinsiefni.

Fram kemur að lífrænn úrgangur geti safnast fyrir efst í fjörunni þar sem frárennsli frá stöðinni fari í lækinn í Haukamýrargili og til sjávar. Það verði þó tímabundið þar sem brim hreinsi fjöruna. Skjálfaflói flokkist sem síður viðkvæmur viðtaki og

straumar við Húsavíkurhöfn hafi mælst 2-7 cm/s að jafnaði og geri straumlíkan ráð fyrir að straumur sé sterkur meðfram landi þar sem lækurinn úr Haukamýragili fer í sjó. Fram kemur að skolp frá eldisstöðinni fari í rotþró sem tæmd sé reglulega. Því séu litlar líkur á umtalsverðum umhverfisáhrifum vegna frárennslis frá Fiskeldinu Haukamýragili.

Áhrif á náttúrulega laxastofna og fisksjúkdóma. Fram kemur að Laxá í Aðaldal sé í 5 km fjarlægð frá Fiskeldinu Haukamýragili en mun lengra sé í Skjálfandafljóti. Árin 1974-2008 hafi 1597 laxar veiðst að meðaltali í Laxá í Aðaldal og 424 laxar í Skjálfandafljóti. Á sama tímabili hafi 1132 urriðar og 67 bleikjur veiðst í Laxá í Aðaldal og 95 urriðar og 35 bleikjur í Skjálfandafljóti. Engir villtir laxa- eða silungsstofnar séu í læknum í Haukamýragili og Þorvaldsstaðaá, sem renni í gegnum Húsavíkurbæ.

Fram kemur að Fiskeldið Haukamýragili nýti eingöngu lindarvatn og líkur á að smit berist inn í stöðina séu því minni en þar sem notað sé yfirborðsvatn. Engir bakteríusjúkdómar hafi komið upp í fiski í stöðinni en aftur á móti hafi þurft að baða fiskinn reglubundið vegna sníkjudýra (kostíu). Fram kemur að ef eldisfiskur sleppi frá stöðinni muni hann fara um lækinn út í fullsaltan sjó. Í flestum tilfellum séu laxaseiði seld frá stöðinni áður en þau hafi náð sjóþroska og seiði sem kunni að sleppa muni því líklega drepast þegar þau komi út í sjó. Ef sjóþroska laxaseiði slyppu út úr stöðinni að vori séu líkur á að þau leiti strax á haf út. Seiði sem komi að landi eftir að hafa dvalist um tíma í sjó muni fyrst leita á sleppistað áður en þau leiti upp í nærliggjandi ár. Reynslan af hafbeitarsleppingum á Norðurlandi bendi til að lítið hlutfall laxa skili sér til baka og gera megí ráð fyrir enn lægra hlutfalli ef um lax af eldisuppruna sé að ræða. Ef bleikjuseiði sleppi úr stöðinni og út í sjó muni þau væntanlega drepast fljótt. Seltuþol bleikju sé þó árstíðabundið og mögulegt sé að bleikja sem sleppi í sjó að sumarlagi leiti upp í nærliggjandi ár.

Fyrirbyggjandi aðgerðir og eftirlit. Fram kemur að útbúin verði gildra í frárennslis til að hindra að eldisfiskur sleppi út úr eldisstöðinni. Samráð verði haft við Fiskistofu um hönnun, frágang og eftirlit með búnaðinum.

Fram kemur að samið hafi verið við ráðgjafa um uppsetningu á grænu bókhaldi. Samkvæmt því verði m.a. fylgst með frárennslis eldisstöðvarinnar til að fyrirbyggja yfirfóðrun og uppsöfnun fódurleifa í frárennslinu.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að á Aðalskipulagi Húsavíkurbæjar 2005–2025 sé fiskeldið á Haukamýri á iðnaðarsvæði sem ætlað sé til fiskeldis og gert sé ráð fyrir því í drögum að nýju aðalskipulagi Norðurþings. Fram kemur að ekki hafi verið gert deiliskipulag fyrir fiskeldið á svæðinu við Haukamýri.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Norðurþing, Fornleifavernd ríkisins, Fiskistofa, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, Matvælastofnun og Umhverfisstofnun telja ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Áhrif á lífríki í fjöru og sjó. Umhverfisstofnun bendir á að frárennslis frá eldisstöðinni renni um læk niður í fjöru og til sjávar. Þetta fyrirkomulag sé ekki í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólþ nr. 798/1999, sem geri kröfu um að skólþi sem veitt er til sjávar þurfi að veita minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út fyrir meðalstórstraumsfjörumörk. Bent er

á að samkvæmt tilkynningu framkvæmdaraðila muni frárennsli frá eldisstöðinni blandast fljótt í sjónum vegna strauma norður með Tjörnesi, sem Umhverfisstofnun telur vera í mótsögn við líkan af straumum á svæðinu. Líkanið gefi til kynna að straumur liggja frá Haukamýrargili og inn til Húsavíkur en ekki norður með Tjörnesi. Þá bendir Umhverfisstofnun á að ekki sé ljóst hvort áætlaður styrkur næringarefna í frárennsli sé réttur. Í tilkynningu framkvæmdaraðila sé vísað í yfirlitsgrein um úrgangsefni í frárennsli landeldisstöðva en niðurstöður þeirrar greinar byggja á því að frárennsli sé síað, en það sé ekki reyndin með frárennsli frá eldisstöðinni við Haukamýrargil. Tekur Umhverfisstofnun undir með framkvæmdaraðila að hreinsa megi frárennslið t.d. með tromlusum.

Áhrif á fornleifar. Fornleifavernd ríkisins bendir á að samkvæmt könnun Fornleifastofnunar Íslands séu engar fornleifar innan athafnasvæðis fiskeldisins.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða aukið eldi Fiskeldisins Haukamýrargili ehf. úr allt að 200 tonnum af bleikju og öðrum laxfiskum í allt að 450 tonn. Megnið af framleiðslunni verður bleikja en laxaseiði (gönguseiði) verða allt að 300.000 á ári. Vegna stækkunarinnar verða byggð tvö eldiskör og byggt nýtt lengdarstraumskar þar sem fiski verður slátrað. Þá verður gerð stífla í Haukamýrargili til að auka vatnsveitu til fiskeldisins. Aðrar framkvæmdir í tengslum við stækkunina felast í endurbótum á fyrirliggjandi aðstöðu og niðurrifi á eldri búnaði.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 1 g í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Fiskeldisins Haukamýrargili ehf. við tilkynningu og umsagnir vegna hennar. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að aukin framleiðsla á bleikju og laxaseiðum hjá Fiskeldinu Haukamýrargili ehf., Norðurþingi, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun um að frárennsli frá eldisstöðinni til sjávar verði að uppfylla kröfur reglugerðar um fráveitur og skólþ (nr. 798/1999) og að síun verði notuð til að hreinsa frárennslið áður en það fer frá eldisstöðinni.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Norðurþings skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest Aðalskipulag Norðurþings 2009-2029, sem geri ráð fyrir starfseminni, og deiliskipulag fyrir athafnasvæði fiskeldisins. Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar starfsleyfi frá Umhverfisstofnun sbr. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og rekstrarleyfi Fiskistofu skv. 7. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Fiskeldið Haukamýragili ehf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 26. júní 2010.

Rut Kristinsdóttir

Sigmar Arnar Steingrímsson

